

Breytingar á álagningu og gjaldskrár hjá sveitarfélögum árið 2007

Verðlagseftirlit ASÍ hefur tekið saman upplýsingar um breytingar á álagningu og gjaldskrár hjá 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins eins og upplýsingar lágu fyrir 8. janúar 2007.

- Útsvarsprósenta er óbreytt frá fyrra ári hjá öllum sveitarfélögum og innheimta þau öll hámarks leyfilegt útsvar 13,03% nema fjögur. Útsvarsprósenta er lægst á Seltjarnarnesi 12,35%.
- Þegar tekið hefur verið tillit til breytinga á fasteignamati um áramót lækka fasteignaskattar á Seltjarnarnesi, og í Mosfellsbæ. Einnig verður lítilsháttar lækkun í Reykjavík, 1% og fasteignaskattar eru óbreyttir í Vestmannaeyjum. Hjá öðrum sveitarfélögum hækka fasteignaskattar að teknu tilliti til breytinga á fasteignamati um 10-18%.
- Álagningarprósenta holræsagjalda stendur í stað í öllum sveitarfélögum nema í Ísafjarðabæ þar sem hún hækkar um 18%. Líkt og fasteignaskattarnir eru holræsagjöldin reiknuð út frá fasteignamati og þegar tekið hefur verið tillit til breytinga á því hækka þau í öllum sveitarfélögum um 10-30% nema í Vestmannaeyjum þar sem fasteignamat er óbreytt á milli ára.
- Sorphirðugjöld hækka í öllum sveitarfélögum nema í Árborg. Hækkunin er mest á Ísafirði, 45% þar sem jafnframt eru hæstu gjöldin kr. 29.000 á ári.
- Leikskólagjald fyrir 8 tíma vistun með fæði hefur hækkað mest milli ára í Fjarðabyggð um rúm 8,6% og um 7,5% í Vestmannaeyjum. Mest lækkun á milli ára er hjá Kópavogi og Hafnarfirði þar sem gjald fyrir 8 tíma vistun með fæði hefur lækkað um tæp 23%. Hæstu gjöld fyrir 8 tíma vistun með fæði eru í Ísafjarðabæ, þar sem almennt gjald er kr. 33.832 á mánuði og forgangshópar greiða kr. 24.995. Lægsta almenna gjaldið fyrir 8 tíma vistun með fæði er í Reykjavík kr. 20.450 á mánuði og fyrir forgangshópa kr. 12.210.
- Skóladagvist og aðrar almennar gjaldskrár hækka víða um 5-10%.

Útsvar

Útsvarsprósentan er óbreytt hjá öllum 15 sveitarfélögum sem skoðuð eru milli ára 2006 og 2007. Innheimt er hámarksútsvar, 13,03% í öllum sveitarfélögum nema fjórum. Lægsta útsvarsprósentan er á Seltjarnarnesi 12,35%. Í Garðabæ er útsvarsprósentan 12,46%, í Reykjanesbæ 12,7% og í Mosfellsbæ 12,94%.

Útsvar % 2006 og 2007	2006	2007	Breyting %
Reykjavíkurborg	13,03	13,03	0,00
Kópavogsbær	13,03	13,03	0,00
Hafnarfjarðarkaupstaður	13,03	13,03	0,00
Akureyrarkaupstaður	13,03	13,03	0,00
Reykjanesbær	12,7	12,7	0,00
Garðabær	12,46	12,46	0,00
Mosfellsbær	12,94	12,94	0,00
Sveitarfélagið Árborg	13,03	13,03	0,00
Akraneskaupstaður	13,03	13,03	0,00
Fjarðabyggð	13,03	13,03	0,00
Fljótsdalshérað	13,03	13,03	0,00
Seltjarnarneskaupstaður	12,35	12,35	0,00
Ísafjarðarbær	13,03	13,03	0,00
Sveitarfélagið Skagafjörður	13,03	13,03	0,00
Vestmannaeyjabær	13,03	13,03	0,00

Fasteignaskattar

Álagningaprósenta fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði lækkar hjá fjórum sveitarfélögum Reykjavík, Mosfellsbæ, Árborg og á Seltjarnarnesi. Á Akranesi, Ísafirði og í Sveitarfélaginu Skagafirði hækka álagningaprósenta en hjá öðrum sveitarfélögum helst hún óbreytt á milli ára. Fasteignamat á íbúðarhúsnæði hækkaði víðast hvar um 10% um áramót, en í einstaka sveitarfélögum um 15%. Fasteignamat er notað sem stofn til útreiknings á fasteignasköttum og hækkar hann sem því nemur. Þegar tekið hefur verið tillit til breytingar á fasteignamati lækka fasteignaskattar um 12% á Seltjarnarnesi, og 6,6% í Mosfellsbæ. Í Reykjavík lækka fasteignaskattar um 1% þegar tekið hefur verið tillit til breytingar á fasteignamati. Mest hækkun fasteignaskatta er hjá íbúum á Sauðárkróki í sveitarfélaginu Skagafirði þar sem skattarnir hækka um tæp 18% á milli ára. Á Ísafirði, Garðbæ og hjá íbúum á Egilsstöðum og í Fellabæ í sveitarfélaginu Fjarðabyggð nemur hækkunin 15%. Á Akranesi nemur hækkun fasteignaskatta 12,5% milli ára og í Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Árborg 10%. Í Vestmannaeyjum er engin breyting á fasteignasköttum á milli ára en þar er álagningaprósenta óbreytt og hið sama á við um fasteignamat íbúðarhúsnæðis sem hækkaði ekki á milli ára. Í Kópavogi er álagningaprósenta fasteignaskatta óbreytt á milli ára. Á árinu 2006 var farin sú leið í Kópavogi að veita 34% afslátt af reiknuðum fasteignaskatti til að mæta hækkun á fasteignamati. Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ er ætlunin að gera slíkt hið sama í ár, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um afsláttarprósenta og því ekki unnt að segja endanlega til um breytingu á fasteignasköttum í því sveitarfélagi. Á Akureyri og í Fljótshéraði hafa enn ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir um álagningaprósentu fasteignaskatta fyrir árið 2007.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði 2006 og 2007	Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, % af fasteignamati.			Hækkun á fasteignamati 1.1.2007	Breyting fasteignaskatta
	2006	2007	Breyting	Fjölþýli og sérþýli	Fjölþýli og sérþýli
Reykjavíkurborg	0,25	0,225	-11%	10%	-1,0%
Kópavogsbær ¹	0,345	0,345	0%	10%	
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,27	0,27	0%	10%	10,0%
Akureyrarkaupstaður	0,26			10%	
Reykjanesbær	0,3	0,3	0%	10%	10,0%
Garðabær	0,24	0,24	0%	15%	15,0%
Mosfellsbær	0,265	0,225	-18%	10%	-6,6%
Sveitarfélagið Árborg ²	0,37	0,3	-23%	10%	-10,8%
Akraneskaupstaður	0,352	0,36	2%	10%	12,5%
Fjarðabyggð ³	0,35	0,35	0%	15%	15,0%
Fljótshérað ⁴	0,41			15%	
Seltjarnarneskaupstaður	0,3	0,24	-25%	10%	-12,0%
Ísafjarðarbær ⁵	0,43	0,45	4%	10%	15,1%
Sveitarfélagið Skagafjörður ⁶	0,43	0,44	2%	15%	17,7%
Vestmannaeyjabær	0,42	0,42	0%	0%	0,0%

1/ Kópavogur veitti 34% afslátt af reiknuðum fasteignaskatti árið 2006. Veittur verður afsláttur af reiknuðum skatti vegna ársins 2007 en ekki hefur verið tekin ákvörðun um afsláttarprósenta.

2/ Tillaga um álagningaprósenta.

3/ Hækkun á fasteignamati og fasteignasköttum í Fjarðabyggð á við um Reyðarfjörð.

4/ Hækkun á fasteignamati í Fljótshéraði á við um Egilsstaði og Fellabæ.

5/ Hækkun á fasteignamati og fasteignasköttum í Ísafjarðarbæ á við um Ísafjörð

6/ Hækkun á fasteignamati og fasteignasköttum í Skagafirði á við um Sauðárkrók.

Holræsagjöld

Álagningarprósenta holræsagjalda stendur í stað á öllum stöðum þar sem álagning hefur verið ákveðin, nema í Ísafjarðabæ, þar sem hún hækkar úr 0,22% af fasteignamati í 0,26%. Sama á við um holræsagjöldin og fasteignaskattinn, þar sem fasteignamat er notað sem stofn til útreiknings á gjöldunum. Að teknu tilliti til breytinga á fasteignamati er hækkunin mest á Ísafirði 30% á milli ára. Í Garðabæ, á Reyðarfirði í sveitarfélaginu Fjarðabyggð og á Sauðarkróki í sveitarfélaginu Skagafirði nemur hækkunin 15%. Hjá öðrum sveitarfélögum nemur hækkun holræsagjalda að teknu tilliti til breytingar á fasteignamati 10 % að Vestmannaeyjum undanskildum.

Holræsagjald 2006 og 2007	Holræsagjald, % af fasteignamati			Hækkun á fasteignamati 1.1.2007	Breyting á holræsagjaldi
	2006	2007	Breyting	Fjölþýli og sérþýli	Fjölþýli og sérþýli
Reykjavíkurborg	0,105	0,105	0	10%	10%
Kópavogsbær	0,13	0,13	0	10%	10%
Hafnarfjarðarkaupstaður	0,136	0,136	0	10%	10%
Akureyrarkaupstaður	0,17			10%	
Reykjanesbær	0,15	0,15	0	10%	10%
Garðabær	0,1	0,1	0	15%	15%
Mosfellsbær ¹	0,15	0,15	0	10%	10%
Sveitarfélagið Árborg	0,275	0,275	0	10%	10%
Akraneskaupstaður	0,175	0,175	0	10%	10%
Fjarðabyggð ²	0,25	0,25	0	15%	15%
Fljótsdalshérað ³	0,23			15%	
Seltjarnarneskaupstaður	Ekki innheimt			10%	
Ísafjarðarbær	0,22	0,26	0,181818	10%	30%
Sveitarfélagið Skagafjörður ⁵	0,275	0,275	0	15%	15%
Vestmannaeyjabær	0,2	0,2	0	0%	0%

1/ Af fasteignamati húss

2/ Hækkun á fasteignamati og fasteignasköttum í Fjarðabyggð á við um Reyðarfjörð.

3/ Hækkun á fasteignamati í Fljótsdalshéraði á við um Egilsstaði og Fellabæ.

3/ Hækkun á fasteignamati í Ísafjarðabæ á við um Ísafjörð.

5/ Hækkun á fasteignamati og fasteignasköttum í Skagafirði á við um Sauðarkrók.

Sorphirðugjöld

Sorphirðugjöld af íbúðarhúsnæði hækka í öllum sveitarfélögum nema í Árborg. Mest er hækkunin á Ísafirði, 45% þar sem jafnframt eru hæstu gjöldin. Á Seltjarnarnesi hækka sorphirðugjöld um 39%, í Vestmannaeyjum um 33%, í Reykjanesbæ um 30% og í Reykjavík um 23%.

Sorphirðugjöld af íbúðarhúsnæði 2006 og 2007			
	2006	2007	Breyting
Reykjavíkurborg ¹	10.010	12.300	22,9%
Kópavogsbær	10.900	11.600	6,4%
Hafnarfjarðarkaupstaður	10.490	11.500	9,6%
Akureyrarkaupstaður	9.600	11.500	19,8%
Reykjanesbær	18.960	24.600	29,7%
Garðabær	11.500	12.500	8,7%
Mosfellsbær	9.700	10.800	11,3%
Sveitarfélagið Árborg	11.500	11.500	0,0%
Akraneskaupstaður	12.500	13.500	8,0%
Fjarðabyggð	15.435	16.546	7,2%
Fljótshálsa	14.100		
Seltjarnarneskaupstaður	7.200	10.000	38,9%
Ísafjarðarbær	20.000	29.000	45,0%
Sveitarfélagið Skagafjörður	8.507	10.000	17,6%
Vestmannaeyjabær	14.000	18.594	32,8%

1/ Möguleiki á tæmingu hálfsmánaðarlega í sérbýli gjald kr. 6.150/ ári (var 5.005,- árið 2006)

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld tóku víða breytingum á vor- eða haustdögum 2006 en almennt voru litlar breytingar gerðar á gjöldunum nú um áramót. Í samanburðinum hér er miðað við gjaldskrár eins og þær voru í janúar 2006 og þær gjaldskrár sem innheimt er eftir í janúar 2007. Á árinu hefur gjald fyrir 8 tíma vistun með fæði hækkað mest í Fjarðabyggð, um 8,6 % og um 7,5% í Vestmannaeyjum. Mest lækkun á milli ára er hjá Kópavogi og Hafnarfirði þar sem gjald fyrir 8 tíma vistun með fæði hefur lækkað um tæp 23% á milli ára. Í Reykjanesbæ, Mosfellsbæ og Skagafirði hefur gjaldið lækkað um 14-16% og í Fljótshéraði um 8%. Í Reykjavík hefur almennt gjald fyrir 8 stunda vistun m. fæði lækkað um 11,6% á milli ára. Þess ber þó að geta að í Reykjavík lækkaði gjald fyrir 8 stunda vistun m. fæði um tæp 19% í september 2006 en hækkaði aftur um tæplega 9% nú í janúar.

Hæstu gjöld fyrir 8 tíma vistun með fæði eru í Ísafjarðabæ, þar sem almennt gjald er kr. 33.832 á mánuði og forgangshópar greiða kr. 24.995. Lægsta almenna gjaldið fyrir 8 tíma vistun með fæði er í Reykjavík kr. 20.450 á mánuði og fyrir forgangshópa kr. 12.210.

Bilið á milli hæsta og lægsta gjalds fyrir 8 stunda vistun með fæði eykst milli ára. Munurinn var 48% í janúar 2006 en er nú rúmlega 65% eða kr. 13.382 á mánuði. Munurinn á hæsta og lægsta forgangsgjaldinu (fyrir einstæða foreldra og námsmenn) eykst um enn meira á milli ára, var 85% árið 2006 en er nú 105% eða kr. 12.785 á mánuði.

	8 tíma vistum m. fæði í jan 2007	8 tíma vistum m. fæði í jan 2006	Breyting milli ára
Leikskólagjöld janúar 2007			
Reykjavíkurborg			
mennt gjald	20.450	23.130	-11,6%
Forgangshópur	12.210	13.050	-6,4%
Kópavogskaupstaður			
mennt gjald	22.500	29.188	-22,9%
Forgangshópur	16.284	20.964	-22,3%
Hafnarfjarðarkaupstaður			
mennt gjald	22.310	28.860	-22,7%
Forgangshópur	15.766	19.836	-20,5%
Akureyrarkaupstaður			
mennt gjald	22.325	22.325	0,0%
Forgangshópur	16.637	16.637	0,0%
Reykjanesbær			
mennt gjald	23.790	28.350	-16,1%
Forgangshópur	19.550	22.990	-15,0%
Garðabær			
mennt gjald	29.970	29.590	1,3%
Forgangshópur	22.650	21.910	3,4%
Mosfellsbær			
mennt gjald	24.120	28.600	-15,7%
Forgangshópur	16.280	18.840	-13,6%
Sveitafélagið Árborg			
mennt gjald	28.101	28.101	0,0%
Forgangshópur	20.133	20.133	0,0%
Akraneskaupstaður			
mennt gjald	27.074	26.409	2,5%
Forgangshópur	20.162	19.497	3,4%
Fjarðabyggð			
mennt gjald	25.691	23.665	8,6%
Forgangshópur	19.907	18.355	8,5%
Fljótisdalshérað			
mennt gjald	26.428	28.668	-7,8%
Forgangshópur	19.644	21.363	-8,0%
Seltjarnarneskaupstaður			
mennt gjald	28.590	28.590	0,0%
Forgangshópur	19.086	19.086	0,0%
Ísafjarðarbær			
mennt gjald	33.832	33.050	2,4%
Forgangshópur	24.995	24.213	3,2%
Sveitafélagið Skagafjörður			
mennt gjald	22.964	26.546	-13,5%
Forgangshópur	17.868	20.354	-12,2%
Vestmannaeyjabær			
mennt gjald	31.360	29.185	7,5%
Forgangshópur	23.920	22.065	8,4%

Sjá nánar ýtarlegri töflu yfir leikskólagjöld

Aðrar breytingar á gjaldskrár sveitarfélaga um áramót.

Reykjavík:

- **Skóladagvist:** Gjaldskrá Frístundaheimila hækkar um 8,8%
- Gjaldskrár ÍTR m.a. fyrir sumarnámskeið, sundlaugar ofl. ásamt skólamáltíðum hækka að meðaltali um 8,8%. Gjaldskrá Velferðarsviðs hækkar um 8,8%.

Kópavogur:

- **Skóladagvist:** Óbreytt frá 2006.
- Flestar þjónustugjaldskrár óbreyttar

Hafnarfjörður:

- Engar ákvarðanir verið teknar um gjaldskrárbreytingar.

Akureyri:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 6%.
- Almennar gjaldskrár hækka um 5-10%. Gjald í sundlaugar hækkar um 7-12% en lækkar fyrir börn. Ókeypis að ferðast með SVA.

Reykjanesbær:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 4,7%.
- Almennar gjaldskrárhækkanir 4-5 %. Dægradvöl aldraðra hækkar um 9%. Gjald í sundlaugar hækkar um 12-14%.

Garðabær:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 7%.

Mosfellsbær:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 5%.

Árborg:

- **Skóladagvist:** Skv. ósamþykktum tillögum er gert ráð fyrir að skóladagvist og skólamáltíðir hækki um 5%.

Akranes:

- **Skóladagvist:** Vistunargjald óbreytt frá 2006 en fæðisgjald hækkar um 10%.
- Almenn þjónustugjöld hækka um 10%.

Fjarðabyggð:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 7,2%
- Almennar gjaldskrár hækka um 7,2%

Fljótshálsa:

- Engar ákvarðanir hafa verið teknar um gjaldskrárbreytingar.

Seltjarnarnesbær:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 6%.
- Leikjanámskeið, tómstundastarf aldraðra og heimilishjálpi hækka um 6%.

Ísafjarðarbær:

Sveitafélagið Skagafjörður:

- **Skóladagvist:** Hækkar um 9-10%

Vestmannaeyjabær:

- Engar ákvarðanir hafa verið teknar um gjaldskrárbreytingar.